5. apríl 2022

# Virkni ungs fólks

Stefnumörkun með áherslu á samvinnu þjónustuaðila þvert á velferðarkerfi snemma í ferlinu og mælanlegan árangur aðgerða.

**Stjórnarráð Íslands**
Félagsmálaráðuneytið

- Stefna stjórnvalda að tryggja að sem flestir geti orðið virkir á vinnumarkaði
  - … þannig þarf að greina hópa sem eru í hættu á ótímabæru brotthvarfi af vinnumarkaði
  - … og móta aðgerðir sem beinast að tilgreindum hópi til að fyrirbyggja ótímabært brotthvarf af vinnumarkaði



# Ungt fólk sem er ekki í námi, starfi eða starfsþjálfun (NEET)

Áherslur meðal OECD- ríkja á aðgerðir sem beinast að ungu fólki í viðkvæmri stöðu í samfélaginu með það að markmiði að koma í veg fyrir fjölgun í hópi ungs fólks án menntunar og atvinnu.

Ungt fólk, 18-29 ára, hefur verið í sérstökum áhættuhópi hvað ótímabæra örorku varðar hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin og varð sá hópur því fyrir valinu í samvinnuverkefni um virkni ungs fólks.

# Aðgerðir til að fyrirbyggja ótímabært brotthvarf af vinnumarkaði

# Áherslur á Norðurlöndum og ráðleggingar helstu alþjóðastofnana.

- Snemmtæk íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir á vinnumarkaði.
- Þverfaglegt mat á þörf fyrir endurhæfingu og/eða þverfaglega þjónustu.
- Reglur greiðslukerfisins feli í sér hvata til aukinnar virkni á vinnumarkaði og í samfélaginu.
- Aðgengilegur vinnumarkaður og fjölbreytt starfstækifæri, viðeigandi aðlögun tryggð.

## Samvinnuverkefni þjónustuaðila þvert á velferðarkerfi með það að markmiði að auka Virkni ungs fólk (NEET)




- **Samvinnuverkefni** ráðuneytisins, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingarstofnunar ríkisins, velferðarðsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.
- **Sameiginlegt (yfir)markmið/framtíðarsýn:** Auka virknihlutfall (atvinnuþátttöku) ungs fólks, 18 -29 ára.
- **Sjálfstæð (undir)markmið:** Þjónustukerfin setja sér sjálfstæð markmið sem þau hafa stjórn á en hafa áhrif á sameiginlega yfirmarkmiðið.
- **Vikulegir stöðufundir ráðuneytis og þjónustukerfa:** 15 mín Teams-fundir þar sem notast var við 4dx veflausn til að halda utan um mælikvarða.







*Til umhugsunar* - Hversu hagnýt er opinber skilgreining NEET hópsins við stefnumörkun og mótun aðgerða hér á landi?

# Mælanlegan árangur aðgerða

# Aukin áhersla á þverfaglega samvinnu innan heilsugæslunnar og tilkoma geðheilsuteyma - skilar sér í færri þungum beiðnum vegna ungs fólks til VIRK.



# Aukin áhersla á snarpari og markvissa starfsendurhæfingu hjá VIRK

## - skilar sér í styttra starfsendurhæfingarferli og hærra hlutfalli í virkni (námi, vinnu eða virkri atvinnuleit) við útskrift.

Mynd 4. Hlutfall einstaklinga í UNG19 inngripinu á höfuðborgarsvæðinu sem útskrifast í virkni (þ.e. fóru í nám, vinnu eða atvinnuleit) óháð starfs- og/eða námshlutfalli árin 2019-2021




Mynd 5. Framfærsla UNG19 einstaklinga við lok starfsendurhæfingar hjá VIRK árin 2020 og 2021
*Framfærsla er mæld í heilum stöðugildum.*



# Aukin áhersla á að endurhæfing sé fullreynd

- Áður en kemur til framkvæmdar örorkumats.



Þessa þróun má fyrst og fremst rekja til fjölgunar þeirra sem láta reyna á endurhæfingu áður en til örorkumats kemur og fyrir vikið fækkunar þeirra sem koma beint á örorkulífeyri.

## Nýgengi örorkulífeyrisþega

Árlegur fjöldi sem fær fyrsta örorkumat m.t.t. þess hvort einstaklingurinn hefur áður verið á endurhæfingarlífeyri eða ekki.

| Ár | Fjöldi | | | Þeir sem koma beint á lífeyri sem % af nýgengi |
|---|---|---|---|---|
| | Áður í endur-hæfingu | Koma beint á örorkulífeyri | Nýgengi örorku-lífeyrisþega | |
| 2016 | 718 | 870 | 1588 | 55% |
| 2017 | 672 | 720 | 1392 | 52% |
| 2018 | 736 | 792 | 1528 | 52% |
| 2019 | 634 | 613 | 1247 | 49% |
| 2020 | 688 | 517 | 1205 | 43% |
| 2021 | 783 | 385 | 1168 | 33% |

Þess þróun má fyrst og fremst rekja til fjölgunar þeirra sem láta reyna á endurhæfingu áður en til örorkumats kemur og fyrir vikið fækkunar þeirra sem koma beint á örorkulífeyri.

## Nýgengi 18-29 ára örorkulífeyrisþega

Árlegur fjöldi sem fær fyrsta örorkumat m.t.t. þess hvort einstaklingurinn hefur áður verið á endurhæfingarlífeyri eða ekki.

| Ár | Fjöldi | | | Þeir sem koma beint á lífeyri sem % af nýgengi |
|---|---|---|---|---|
| | Áður í endur-hæfingu | Koma beint á örorkulífeyri | Nýgengi örorku-lífeyrisþega | |
| 2016 | 128 | 201 | 329 | 61% |
| 2017 | 145 | 146 | 291 | 50% |
| 2018 | 134 | 152 | 286 | 53% |
| 2019 | 89 | 111 | 200 | 56% |
| 2020 | 111 | 84 | 195 | 43% |
| 2021 | 133 | 82 | 215 | 38% |

# Virkni til framtíðar...

# Úr samantekt Velferðarsviðs RVK

(árslok 2021)

Ætla má að opinber skilgreining NEET sé helst lýsandi fyrir hóp 18-29 ára einstaklinga á fjárhagsaðstoð.

Því miður býr velferðarsvið ekki yfir upplýsingum um afdrif þeirra notenda sem hverfa af fjárhagsaðstoð, enda ber notendum engin skylda til að upplýsa um ástæður þess. Hins vegar væri athyglisvert að búa yfir slíkum upplýsingum og finna þarf leiðir til þess.

Eins væri athyglisvert að hafa yfirsýn yfir fjölda notanda sem vísað er til annarra stofnana t.d. Vinnumálstofnunar og hlutfall þeirra sem þurfa þó áframhaldandi þjónustu eða þjónustu samhliða þjónustu annarra kerfa.

Á hvaða tímapunkti hættir þú að vera ungur atvinnuleitandi í virkri atvinnuleit?

.. og verður langtíma-atvinnulaus óvirkur einstaklingur sem tilheyrir NEET hópi?

# Úr samantekt Vinnumálastofnun

(árslok 2021)

**Mögulegar aðgerðir:**

- Átak í samstarfi við atvinnulífið um að fjölga starfstækifærum fyrir langtímaatvinnulausa.
- Skimun fyrir óvinnufærni langtímaóvirkni.
- Samstarf við endurhæfingaraðila um starfsendurhæfingu.
- Hvetja til þátttöku í NET í námi sem eftirspurn er eftir á vinnumarkaði. Gerð kynningarefnis, tölvupóstar, símtöl, undirbúningsnámskeið, eftirfylgni.
- Hver ráðgjafi tekur að meðaltali 20 viðtöl á viku þar sem atvinnuleitendur eru hvattir með ráðgjöf til þátttöku í virkniúrræðum og starfsleit.

**Yfirlit yfir ráðningar með aðkomu VMST 18-29 ára 1. jan. – 30.11. 2021**

- Niðurstaðan fór langt fram úr viðmið því 1.833 einstaklingar hafa verið ráðnir í störf á þessu tímabili og þar af 1.767 langtímaatvinnulausir sem voru ráðnir í gegnum Hefjum störf

# Til umræðu.

- Hefur NEET skilgreiningin hagnýtt gildi fyrir stefnumörkun eða eru aðrar áherslur sértækari fyrir Ísland?
- Hvernig þróum við viðmið til að greina hóp ungs fólks í hættu á ótímabæru brotthvarfi af vinnumarkaði?
- Erum við á réttri leið? Hverjar eru orsakir NEET hér á landi?



# Takk fyrir mig.